DÓMUR DÓMSTÓLSINS
17. október 2014*

(1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/24/EB – slit lánastofnana – lagaskil – ógildi, ógildanleiki eða skortur á réttarvernd löggerninga – löggerningar sem lög annars EES-ríkis eiga við um)

Mál E-28/13,

BEIÐNI, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Héraðsdómi Reykjavíkur, í máli sem þar er rekið

LBI hf.

gegn

Merrill Lynch International Ltd

um túlkun 1. mgr. 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

DÓMSTÓLLINN,

skipaður dómurunum Carl Baudenbacher, forseta, Per Christiansen, framsögumanni, og Páli Hreinssyni,

dómritari: Gunnar Selvik,

hefur, með tilliti til skriflegra greinargerða frá:

* Beiðni um ráðgefandi álit á íslensku.

- Stefnanda, LBI hf., í fyrirsvari eru Jóhannes Sigurðsson, hrl., og Hafliði Kristján Lárusson, lögmaður, hjá AKTIS lögmannsstofu;
- Stefnda, Merrill Lynch International Ltd., í fyrirsvari er Hróbjartur Jónatansson, hrl., sem nýtur aðstoðar Margrétar Önnu Einarsdóttur, hdl., hjá lögmannsstofunni Jónatansson & Co;
- Ríkisstjórn Belgíu, í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Jean-Christophe Halleux og Marie Jacobs, hjá lögfræðisviði utanríkisráðuneytisins;
- Ríkisstjórn Liechtenstein, í fyrirsvari sem umboðsmaður er Dr. Andrea Entner-Koch, forstöðumaður hjá stofnuninni um framkvæmd EES-samningsins;
- Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“), í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Xavier Lewis, framkvæmdastjóri lögfræði- og framkvæmdasviðs og Maria Moustakali lögfræðingur, á sama sviði, og
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“), í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Audroné Steiblyté og Karl-Philipp Wojcik, hjá lagaskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar.

með tilliti til skýrslu framsögumanns,

og munnlegs málflutnings lögmanns stefnanda, Jóhannesar Sigurðssonar, lögmanns stefnda, Hróbjarts Jónatanssonar, umboðsmanns ríkisstjórnar Liechtenstein, Dr. Andrea Entner-Koch, fulltrúa ESA, Maríu Moustakali, og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, Audroné Steiblyté, sem fram fór 10. júní 2014,

kveðið upp svofelldan

Dóm

I Löggjöf

EES-réttur

1 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana (tilskipunin) (Stjtíð. ESB 2001 L 125, bls. 15) var tekin upp í lið 16c í IX. viðauka við EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 frá 6. desember 2002 (ákvörðun nr. 167/2002) (Stjtíð. ESB 2003 L 38, bls. 28 og EES-viðbætir nr. 9, bls. 20). Ákvörðun nr. 167/2002 tók gildi 1. ágúst 2003. Samkvæmt 34. gr. tilskipunarinnar var lokafrestur til innleiðingar 5. maí 2004.

2 Í 3., 4., 6., 16., 23. og 28. lið formálsorða tilskipunarinnar segir:

(3) Þessi tilskipun er hluti af lagaramma bandalagsins sem sniðinn var með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20 mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana. Af þessu leiðir að á meðan þau eru í rekstri mynda lánastofnun og útibú hennar eina stofnun sem er háð eftirliti lögbærra yfirvalda þess ríkis þar sem starfsleyfi, sem gildir alls staðar í bandalaginu, var gefið út.

(4) Það væri afar óæskilegt að hafna slíkri einingu stofnunar og útibúa hennar þegar nauðsynlegt er að gera endurskipulagningarráðstafanir eða slíta starfseminni.

...

(6) Stjórnvöld og dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa vald til þess að ákveða og framkvæma endurskipulagningarráðstafanir sem kveðið er á um í gildandi lögum og venjum í því aðildarríki. Vegna erfiðleikanna samfara því að samræma lög og venjur aðildarríkjanna er nauðsynlegt að koma á gagnkvæmri viðurkenningu aðildarríkjanna á ráðstöfunum sem þau gera hvert og eitt til að koma lánastofnunum, sem það hefur veitt starfsleyfi, aftur í starfshæft ástand.

…

(16) Jöfn meðferð allra lánardrottna krefst þess að lánastofnun sé slitið í samræmi við meginreglurnar um einingu (principle of unity) og algildi (principle of universality), en þess er krafist samkvæmt þeim að stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis hafi einkalögsögu og að ákvarðanir þeirra séu virtar og geti haft þau áhrif sem þeim er ætlað að hafa samkvæmt lögum heimaaðildarríkis, án formsatriða nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

...

(23) Þó að mikilvægt sé að fylgja meginreglunni um að lög heimaaðildarríkis gildi um endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferð, bæði hvað varðar málsmeðferð og efnislega, er einnig nauðsynlegt að hafa í huga að þetta getur verið ósamrýmanlegt þeim reglum sem almennt gilda varðandi efnahagslega og fjárhagslega starfsemi lánastofnunarinnar sem um ræðir og útibúa hennar í öðrum aðildarríkjum. Í sumum tilvikum er tilvísun í lög annars aðildarríkis óhjákvæmilegt frávik frá þeirri meginreglu að lög heimaaðildarríkis skuli gilda.

...

(28) Lánardrottnar, sem hafa gert samninga við lánastofnun áður en endurskipulagningarráðstafanir voru samþykktar eða slitameðferð hófst, skulu njóta verndar gagnvart ákvæðum er varða ógildingu, ógildanleika

eða skort á réttarvernd, sem mælt er fyrir um í lögum heimaaðildarríkis, ef sá sem hefur hag af viðskiptunum færir rök fyrir því að engin leið sé til andæfa þeirri aðgerð sem um ræðir í viðkomandi máli.

3 Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar segir:

Gildissvið

1. Þessi tilskipun skal gilda um lánastofnanir og útibú þeirra sem stofnuð eru í aðildarríkjum öðrum en þeim þar sem aðalskrifstofa þeirra er, samkvæmt skilgreiningum í 1. og 3. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, með fyrirvara um þau skilyrði og undanþágur sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar.

4 Í 2. gr. tilskipunarinnar segir:

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „heimaaðildarríki“: upprunaaðildarríki í merkingu 6. tölul. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB;

...

5 Í 3. gr. tilskipunarinnar segir:

Samþykkt endurskipulagningarráðstafana — gildandi lög

1. Stjórnvöld og dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa vald til þess að ákveða framkvæmd einnar eða fleiri endurskipulagningarráðstafana í lánastofnun, þ.m.t. útibú með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

2. Endurskipulagningarráðstöfunum skal beitt í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð sem í gildi eru í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

Þær skulu hafa fullt gildi, án frekari formsatriða, í öllu bandalaginu í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis, þ.m.t. gagnvart þriðju aðilum í öðrum aðildarríkjum og einnig þegar reglur gistiaðildarríkja, sem um þær gilda, kveða ekki á um slíkar ráðstafanir eða gera framkvæmd þeirra háða skilyrðum sem ekki eru uppfyllt.

...

6 Í 1. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar segir:

Upphaf slitameðferðar — upplýsingar til annarra lögbærra yfirvalda

1. Stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis, sem bera ábyrgð á slitum, skulu ein hafa vald til þess að ákveða að slitameðferð lánastofnunar skuli hefjast, þ.m.t. fyrir útibú með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

Ákvörðun um að hefja slitameðferð, sem tekin er af stjórnvöldum eða dómsmálayfirvöldum heimaaðildarríkis, skal viðurkennd, án frekari formsatriða, á yfirráðasvæði allra annarra aðildarríkja og gilda þar á meðan ákvörðunin gildir í aðildarríkinu þar sem málsmeðferðin hefst.

7 Í 1. mgr. 10. gr. og l-lið. 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar segir:

Gildandi lög

1. Lánastofnun skal slitið í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð sem í gildi er í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

2. Lög heimaaðildarríkis skulu einkum ákvarða:

...

(l) reglur er varða það hvort löggerningar, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegir, séu ógildir, ógildanlegir eða skorti réttarvernd.

8 Í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar segir:

Löggerningar sem eru lánardrottnum skaðlegir

1. Ákvæði 10. gr. skal ekki gilda um reglur er varða það hvort löggerningar, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegir, séu ógildir, ógildanlegir eða skorti réttarvernd, í þeim tilfellum þegar sá sem hefur hag af þessum löggerningum leggur fram sannanir um að:

— gerningurinn, sem er skaðlegur öllum lánardrottnum, fellur undir lög aðildarríkis annars en heimaaðildarríkisins, og

— lögin bjóða engin úrræði til að vefengja gerninginn sem um ræðir.

Landsréttur

9 Í XII. kafla (98. til 105. gr.) laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er fjallað um endurskipulagningu fjárhags, slit og samruna fjármálafyrirtækja.

10 Í 4. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að við slitameðferð eigi reglur um riftun samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (gjaldþrotalaganna) við um fjármálafyrirtæki, þegar sýnt er að eignir fjármálafyrirtækis muni ekki nægja til að efna skuldbindingar þess.

11 Í beiðni héraðsdóms kemur fram að riftun samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991 miði að því að ógilda með afturvirkum hætti ráðstafanir þrotamanns í þeim tilgangi að koma í veg fyrir mismunun kröfuhafa og draga fleiri eignir undir skiptin.

12 Í 134. gr., sem er hluti af XX. kafla gjaldþrotalaga, segir:

> *Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.*
>
> *Krefjast má riftunar slíkrar greiðslu til nákominna sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir greiðsluna.*

13 Af 1. mgr. 104. gr. laga um fjármálafyrirtæki leiðir að slitameðferð lánastofnunar sem hefur staðfestu og starfsleyfi á Íslandi skuli fara að íslenskum lögum með þeim takmörkunum er greinir í 2. mgr. 99. gr.

14 Í 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki segir:

> *Fjárhagsleg endurskipulagning lánastofnunar með höfuðstöðvar á Íslandi og útibú í öðru EES-ríki.*
>
> *1. Nú veitir dómstóll hér á landi lánastofnun heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðru aðildarríki.*
>
> *2, Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara að íslenskum lögum, með eftirtöldum frávikum:*
>
> ...
>
> *(n) [...] er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda gerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt. Löggerningur verður þó ekki ógiltur ef sá sem hag hefur af því að slíkur löggerningur haldi gildi sínu leggur fram fullnægjandi sönnun um að um löggerninginn eigi að gilda lög annars ríkis og að þar sé ekki að finna ógildingarreglu sem tekur til þess tilviks sem um ræðir.*

15 Samkvæmt beiðni héraðsdóms var n-lið 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki ætlað að innleiða 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar.

16 Í III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (samningalög) er að finna meginreglur íslensks réttar um ógilda löggerninga, til dæmis í málum þar sem nauðung, svikum eða misneytingu var beitt við

samningsgerðina eða þar sem samningsgerðin telst ósanngjörn. Þar er þó ekkert ákvæði að finna um riftun á gerningum gjaldþrota aðila í skilningi gjaldþrotalaga.

II Málavextir og meðferð málsins fyrir landsdómstólnum

17 Stefnandi starfaði sem fjármálafyrirtæki, skráð á Íslandi, undir nafninu Landsbanki Íslands hf., þar til hann varð ógjaldfær í október 2008. Stefnandi átti í viðskiptasambandi við stefnda, sem er önnur lánastofnun.

18 Á tímabilinu 2001 til 2008 gaf stefnandi út tímabundin allsherjarskuldabréf (e. Temporary Global Notes). Skuldabréfin voru vistuð hjá almennum vörsluaðilum, Euroclear Bank SA og Clearstream Banking SA. Þegar skuldabréf höfðu verið gefin út og vistuð hjá einum hinna almennu vörsluaðila gátu fjárfestar skráð sig fyrir einingum sem svöruðu til skuldabréfanna. Samkvæmt útgáfuskilmálum skyldi útgefandinn og umboðsmenn hans líta á þá sem hlutdeild áttu í allsherjarskuldabréfunum samkvæmt skráningu hinna almennu vörsluaðila hverju sinni, sem eigendur skuldabréfa að samsvarandi fjárhæð. Engin skuldabréf eða skrifleg skjöl voru hins vegar gefin út til kaupenda hlutdeildarkrafna.

19 Fram kemur í beiðni héraðsdóms að umsýslusamningurinn, skuldabréf og greiðslumiðar lúti enskum lögum.

20 Árið 2008 innti stefnandi af hendi þrjár greiðslur til stefnda vegna skuldabréfa. Fyrsta greiðslan, að fjárhæð 4.131.879,16 evrur, fór fram 9. júlí 2008, vegna skuldabréfs með gjalddaga 21. desember 2009. Önnur greiðslan, að fjárhæð 243.710,67 evrur, fór fram 15. ágúst 2008, vegna skuldabréfs með gjalddaga 18. maí 2012. Þriðja greiðslan, að fjárhæð 87.616,39 evrur, fór fram 9. september 2008, vegna skuldabréfs með gjalddaga 19. október 2010.

21 Hinn 7. október 2008 vék Fjármálaeftirlitið stjórn stefnanda frá störfum og skipaði honum skilanefnd til að fara með allar heimildir stjórnar og málefni stefnanda, þar á meðal rekstur hans og umsjón eigna. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008 var innlend starfsemi stefnanda flutt yfir til annars lögaðila sem stofnaður var sérstaklega í þessu skyni.

22 Með setningu laga nr. 44/2009, þar sem tilteknum ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki var breytt, var stefnandi tekinn til slita. Upphaf slitameðferðar átti að miðast við gildistöku laganna, 22. apríl 2009, og frestdagur við 15. nóvember 2008.

23 Þann 29. maí 2012 var dómsmál stefnanda gegn stefnda þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Stefnandi fer fram á riftun hinna þriggja framangreindu greiðslna með vísan til 134. gr. gjaldþrotalaganna. Stefnandi telur í grundvallaratriðum að greiðslurnar verði að teljast endurgreiðsla ógjaldfærs aðila á skuld fyrir gjalddaga.

24 Stefndi heldur því fram að meta verði málsatvik með þeim hætti að stefnandi hafi keypt eigin skuldabréf en ekki greitt skuld. Stefndi telur þó að hvað sem því líður

leiði það af 30. gr. tilskipunarinnar (einnig með vísan til 10. gr. hennar) að einungis sé hægt að rifta greiðslunum ef slík riftun er einnig heimil samkvæmt enskum lögum. Að hans mati getur slík riftun ekki farið fram að enskum lögum. Stefnandi hafnar þessari röksemdafærslu og telur að n-liður 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem innleiddi 30. gr. tilskipunarinnar, eigi aðeins við um ógildingu samninga samkvæmt III. kafla samningalaga. Að mati stefnanda hefur það enga þýðingu fyrir niðurstöðu málsins hvort 30. gr. tilskipunarinnar taki einnig til riftunar á grundvelli XX. kafla gjaldþrotalaga þar sem tilskipunin geti ekki gengið íslenskum lögum framar.

25 Þann 7. nóvember 2013 ákvað héraðsdómur að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og beindi eftirfarandi spurningum til hans.

1. *Ber að skýra 1. mgr. 30. gr. tilskipunar nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana á þá leið að með reglum um ógildi, ógildanleika eða skort á réttarvernd sé vísað til reglna um riftun ráðstöfunar fjármálafyrirtækis samkvæmt reglum sambærilegum þeim sem gilda um riftun ráðstafana þrotamanns samkvæmt gjaldþrotalögum?*

2. *Ef fyrstu spurningu er svarað játandi, ber að skýra 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar þannig að þeim, sem riftunarkröfu er beint að, sé nægilegt að leggja fram sannanir um að riftun ráðstöfunar, samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem gilda um ráðstöfun, væri óheimil með vísan til hvers kyns reglna, t.d. reglna um málshöfðunarfresti?*

3. *Ef annarri spurningunni er svarað neitandi, ber að skýra 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar þannig að þeim, sem riftunarkröfu er beint að, sé nauðsynlegt að leggja fram sannanir um að skilyrðum fyrir riftun, samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem gilda um ráðstöfun, sé bersýnilega ekki fullnægt, svo sem vegna þess að heimild til riftunar skorti alfarið um þá tegund ráðstöfunar sem um er að ræða?*

26 Vísað er til skýrslu framsögumanns um frekari lýsingu löggjafar, málsatvika, meðferðar málsins og skriflegra greinargerða sem dómstólnum bárust. Verða þau ekki rakin frekar nema að því leyti sem forsendur dómsins krefjast.

III Spurningarnar sem vísað er til dómstólsins

Formálsorð um gildissvið tilskipunarinnar

27 Eins og útskýrt er í 3. lið formálsorða tilskipunarinnar myndar hún hluta af lagalegri umgjörð sem sniðin var með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000, um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. ESB 2000 L 126, bls. 1). Síðarnefnda tilskipunin var leyst af hólmi með setningu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (Stjtíð. ESB 2006, L 177, bls. 1).

28 Í réttarreglum EES-réttar um lánastofnanir er kveðið á um gagnkvæma viðurkenningu leyfisveitinga- og eftirlitskerfa. Af þessum reglum leiðir að unnt er að gefa út eitt starfsleyfi til lánastofnunar sem nýtur þá viðurkenningar innan alls EES-svæðisins. Samkvæmt reglunum ber þá að líta á stofnun og útibú hennar sem eina heild sem lýtur að meginstefnu til eftirliti stjórnvalda í því ríki þar sem stofnunin hefur heimilisfesti (heimaaðildarríki) og þar sem starfsleyfi hennar fyrir EES-svæðið var veitt.

29 Til þess að unnt sé að viðhalda einingu lánastofnunar og útibúa hennar þegar nauðsynlegt reynist að ráðast í endurskipulagningu eða hefja slitameðferð, er í tilskipuninni mælt fyrir um samræmdar reglur varðandi lögsögu, lagaskil, gagnkvæma viðurkenningu og beitingu þeirra úrræða sem gripið er til (sjá 4., 6., 16., og 23. lið formálsorða tilskipunarinnar).

30 Um lögsögu segir í 3. og 9. gr. tilskipunarinnar að einungis stjórnvöld eða dómstólar heimaaðildarríkis skuli hafa vald til þess að ákveða með hvaða hætti ráðstafanir til endurskipulagningar fara fram og þá hvort slitameðferð skuli hafin í samræmi við ákvæði landsréttar.

31 Að því er snertir lagaskil segir í 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar að endurskipuleggja eða slíta skuli lánastofnun í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð sem í gildi eru í heimaaðildarríki, nema kveðið sé á um annað í tilskipuninni.

32 Við slitameðferð er sérstaklega kveðið á um það í l-lið 2. mgr. 10. gr. að það fari eftir reglum heimaaðildarríkis að hvaða leyti löggerningar, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegir, séu ógildir, ógildanlegir eða skorti réttarvernd.

33 Jafnframt er tekið fram í 23. lið formálsorða tilskipunarinnar að mikilvægt sé að fylgja meginreglunni um að lög heimaaðildarríkis gildi alfarið um hvaða áhrif ráðstafanir til endurskipulagningar eða slitameðferð hafi, bæði hvað varðar málsmeðferð og efni. Gildi þá einu hvort þessi áhrif kunni að vera ósamrýmanleg þeim reglum sem almennt gilda um efnahagslega og fjárhagslega starfsemi lánastofnunarinnar í öðrum aðildarríkjum. Þannig segir í 28. lið formálsorðanna að lánardrottnar, sem hafa gert samninga við lánastofnun áður en ráðstafanir til endurskipulagningar voru samþykktar eða slitameðferð hófst, skuli njóta verndar.

34 Sú regla sem fram kemur í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar felur því í sér undantekningu frá framangreindri meginreglu tilskipunarinnar að lög heimaaðildarríkisins gildi. Í 1. mgr. 30. gr. er kveðið sérstaklega á um að lög heimaaðildarríkis skuli ekki gilda um reglur er varða það hvort löggerningar, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegir, séu ógildir, ógildanlegir eða skorti réttarvernd, þegar sá sem hefur hag af slíkum löggerningum leggur fram sannanir um að (i) gerningurinn, sem er skaðlegur öllum lánardrottnum, falli undir lög annars aðildarríkis en heimaaðildarríkisins, og (ii) lögin bjóði engin úrræði til að vefengja gerninginn sem um ræðir. Í málinu sem rekið er fyrir héraðsdómi er óumdeilt að ensk lög eiga við um greiðslurnar.

Fyrsta spurningin

35 Með fyrstu spurningunni leitar landsdómstóllinn svara við því hvort orðalagið „ógildi, ógildanleiki eða skortur á réttarvernd“ löggerninga sem notað er í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar taki einungis til ógildingar samkvæmt samningarétti, eða hvort það nái einnig yfir riftun samkvæmt gjaldþrotaskiptarétti, á grundvelli reglna um undanskot eins og þeirra sem er að finna í XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga. Reglur um undanskot í tengslum við gjaldþrot heimila riftun ráðstafana sem gerðar hafa verið áður en gjaldþrotaskipti hófust og teljast ekki í samræmi við sanngjarna skiptingu á eignum þrotabúsins meðal almennra lánardrottna.

36 Öllum sem skiluðu greinargerðum ber saman um að svara beri fyrstu spurningunni játandi.

37 Ákvæði 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar takmarkar ekki á hvaða grundvelli telja megi löggerning ógildan, ógildanlegan eða að hann skorti réttarvernd. Sjónarmiðið sem ræður úrslitum er hvort gerningurinn geti skaðað réttindi lánardrottna. Samkvæmt lýsingunni sem fylgir beiðninni um ráðgefandi álit er ekki annað að sjá en að riftunarreglum um gjaldþrotaskipti megi beita vegna ráðstafana sem hafa skaðleg áhrif á hagsmuni allra lánardrottna.

38 Reglur um riftun samkvæmt gjaldþrotarétti heimaaðildarríkisins á borð við þær sem koma fram í XX. kafla gjaldþrotaskiptalaganna, gilda því ekki við slitameðferð fjármálafyrirtækis sem fellur undir tilskipunina um löggerning sem telst öllum lánardrottnum skaðlegur ef umræddur gerningur heyrir undir lög annars EES-ríkis og engin leið er að vefengja hann samkvæmt löggjöf þess ríkis.

39 Ákvæði n-liðar 2. mgr. 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki var ætlað að innleiða 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar. Af beiðni héraðsdóms verður hins vegar ekki annað séð en að n-liður 2. mgr. 99. gr. takmarki undanþágur frá beitingu íslenskra laga um löggerning, sem heyrir undir lög annars EES-ríkis, við ógildingu samkvæmt III. kafla samningalaga.

40 Skuldbindingar EES-/EFTA-ríkjanna til að ná markmiðum tilskipunar, á grundvelli hennar og að gera allar viðeigandi ráðstafanir, almennar eða sérstakar, í samræmi við 3. gr. EES-samningsins, eru bindandi fyrir allar stofnanir EES-/EFTA-ríkjanna, þar á meðal dómstólana, í málum sem undir starfssvið þeirra falla. Sú skylda hvílir því á dómstólum aðildarríkjanna að tryggja þá lagalegu vernd sem einstaklingar njóta samkvæmt EES-samningnum og að reglunum sé beitt með virkum hætti.

41 Brýn þörf er á að þessa sé gætt þegar landsdómstólum er gert að skera úr ágreiningi sem varðar túlkun ákvæða landslaga sem voru sérstaklega sett til að innleiða tilskipun sem veitir einstaklingum og öðrum einkaaðilum réttindi. Með hliðsjón af b-lið 7. gr. EES-samningsins ber landsdómstólum að gera ráð fyrir því að EES-/EFTA-ríkið sem í hlut á hafi ætlað sér að uppfylla allar skyldur sínar samkvæmt þeirri tilskipun sem um ræðir.

42 Það er enn fremur samofið markmiðum EES-samningsins, sem og ákvæðum 15. liðar formálsorða og 1. og 3. gr. hans, að landsdómstóli er skylt að túlka landsrétt til samræmis við EES-rétt, eftir því sem hann er bær til, þegar hann beitir landslögum, og er sú skylda óháð því hvort umrædd landslög tóku gildi fyrir eða eftir innleiðingu tilskipunarinnar. EFTA-dómstóllinn hefur því ítrekað áréttað að landsdómstóli beri að beita viðurkenndum lögskýringaraðferðum landsréttar og ganga eins langt og framast er unnt, með hliðsjón af orðalagi og tilgangi tilskipunarinnar, til að ná því markmiði sem stefnt er að með henni, með því að leggja til grundvallar þá túlkun reglna landsréttar sem samræmist best áðurnefndu markmiði. Með því eru kröfur b-liðar 7. gr. og 104. gr. EES-samningsins jafnframt uppfylltar (sjá, um þetta atriði, mál E-25/13 *Gunnar V. Engilbertsson* gegn *Íslandsbanka hf.*, óbirtur dómur frá 28. ágúst 2014, 159. mgr. og dómaframkvæmdir sem þar er vitnað til.)

43 Þótt meginreglan eigi aðallega við um innlend ákvæði sem ætlað er að innleiða þá tilskipun sem við á hverju sinni, verður landsdómstóllinn að taka landsrétt í heild sinni til athugunar til að geta metið að hvaða marki meginreglunni megi beita til að koma í veg fyrir niðurstöðu sem er andstæð tilskipuninni (sjá, um þetta atriði, áður tilvitnað mál, *Gunnar V. Engilbertsson*, 163. mgr. og dómaframkvæmdir sem þar er vitnað til).

44 Ef landsdómstóllinn telur að umræddar greiðslur séu skaðlegar öllum lánardrottnum þannig að 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar eigi við um þær, verður hann að beita þeim lögskýringaraðferðum sem viðurkenndar eru í íslenskum rétti, eins og framast er unnt, til að komast að þeirri niðurstöðu sem ákvæðið miðar að (sjá mál E-1/07 *Ákæruvaldið* gegn *A* [2007] EFTA Ct. Rep. 246, 39. mgr.).

45 Túlkun sem samræmist 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar getur þó reynst ótæk samkvæmt viðurkenndum lögskýringaraðferðum landsréttar. Ef það leiðir til brots á EES-rétti er því aðildarríki sem í hlut á skylt að greiða bætur fyrir það tjón sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri hafa orðið fyrir, í samræmi við meginregluna um bótaábyrgð ríkisins. Sú meginregla er óaðskiljanlegur hluti EES-samningsins (sjá meðal annars mál E-18/11 *Irish Bank Resolution Corporation* gegn *Kaupþingi hf.* [2012] EFTA Ct. Rep. 592, 125. mgr., og dómaframkvæmdir sem þar er vísað til).

46 Fyrstu spurningunni verður því að svara þannig að orðalagið „ógildi, ógildanleiki eða skortur á réttarvernd“ löggerninga í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar vísi einnig til riftunar samkvæmt gjaldþrotarétti á grundvelli reglna um undanskot eigna frá gjaldþrotaskiptum, eins og þeirra sem er að finna í XX. kafla íslenskra laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Önnur og þriðja spurningin

47 Með annarri og þriðju spurningu leitar landsdómstóllinn í aðalatriðum svars við því, hvað þeim sem hefur hag af löggerningnum beri að sanna, og hvaða sönnunarkröfur beri að leggja til grundvallar samkvæmt 2. undirlið 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar til að beiting löggjafar heimaaðildarríkisins eigi ekki við.

48 Varðandi sönnunarfærslu þess sem nýtur góðs af löggerningnum, spyr landsdómstóllinn nánar tiltekið hvort það nægi að færa sönnur á að lög EES-ríkisins sem eiga við um gerninginn heimili ekki að hann sé vefengdur á grundvelli neinna reglna, þar með töldum formreglum, eins og reglum um málshöfðunarfresti, eða hvort einungis efnisreglur skipti máli í þessu tilliti. Í öðru lagi spyr landsdómstóllinn hvort ætlast sé til þess af þeim sem nýtur góðs af löggerningnum að hann sýni fram á að umræddur löggerningur verði í raun ekki vefengdur samkvæmt lögum hins EES-aðildarríkisins, eða hvort nægilegt sé að hann sýni fram á að skilyrði fyrir slíkri vefengingu séu ekki uppfyllt í hinu tiltekna máli.

49 Dómurinn telur rétt að leggja mat á spurningarnar tvær í einu lagi.

Athugasemdir sem lagðar voru fyrir dómstólinn

50 Stefnandi heldur því fram að einungis efnisreglur skipti máli í tengslum við 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar. Aðeins megi beita efnisreglum til að vefengja gildi löggernings og engar málsmeðferðarreglur geti ráðið úrslitum um það hvort löggerningur sé ógildur, ógildanlegur eða skorti réttarvernd. Málsmeðferðarregla geti haft áhrif á það hvort unnt sé að höfða mál vegna löggerningsins. 1. mgr. 30. gr. varðar þó ekki málsóknir í tengslum við löggerninginn, heldur löggerninginn sjálfan. Jafnframt séu rökin að baki reglunni verndun sanngjarnra og lögmætra væntinga þess sem nýtur góðs af löggerningnum, í tengslum við gildi hans. Um það atriði hafi aðeins efnisreglur vægi.

51 Stefnandi telur enn fremur að það sé meginregla alþjóðlegs einkamálaréttar að þær málsmeðferðarreglur sem gilda um málarekstur séu reglur dómstólsins sem málið er rekið fyrir. Þar af leiðandi, telur stefnandi, að málsmeðferðarreglur heimaaðildarríkisins skuli gilda um atriði sem lúta að málsmeðferð, líkt og málshöfðunarfresti í málinu.

52 Enn fremur telur stefnandi að þar sem 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar feli í sér undantekningu frá meginreglunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. beri að túlka hana þröngt.

53 Loks verði að gera ríkar sönnunarkröfur. Varðandi þetta atriði bendir stefnandi á þá staðreynd að 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar sé undanþága frá meginreglunni um að löggjöf heimaaðildarríkisins eigi við. Þar af leiðandi verði málsaðili sem reiðir sig á þá vörn að sýna fram á með ótvíræðum hætti að umrædd lög bjóði engin úrræði til að vefengja löggerninginn sem um ræðir, og því hafi skilyrði fyrir slíkri vefengingu ekki verið uppfyllt.

54 Stefndi telur að 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar beri að skýra með þeim hætti að hún veiti lánardrottnum vernd gegn aðgerðum sem ætlað er að hafa afturvirk áhrif á gildi löggerninga á grundvelli hvers kyns reglna. Að mati stefnda er engin stoð fyrir því að undanskilja reglur um málshöfðunarfresti frá undanþágunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar.

55 Stefndi mótmælir staðhæfingum stefnanda um að greina beri á milli málsmeðferðarreglna og efnisreglna í skilningi 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar. Fyrir utan að orðalag greinarinnar veiti ekki tilefni til slíkrar aðgreiningar, þá væri slík aðgreining ólík frá einu EES-ríki til annars og kæmi því í veg fyrir samræmda beitingu 1. mgr. 30. gr. Hvað sem öðru líður verða reglur um málshöfðunarfresti að teljast efnisreglur, að mati stefnda.

56 Auk þess telur stefndi að orðalagið „engin úrræði“ verði að takmarka við gjaldþrotaskiptarétt. Þeim sem nýtur góðs af löggerningnum nægi því að sýna fram á að gerningurinn verði ekki vefengdur á grundvelli gjaldþrotaskiptalöggjafar þess EES-ríkis sem hann fellur undir. Ekki skipti máli hvort hægt sé að vefengja hann samkvæmt samningarétti, þar sem samningaréttur heimilar ekki ógildingu löggernings á þeim grundvelli einum, að hann teljist skaðlegur öllum lánardrottnum.

57 Réttinn til að vefengja löggerninginn verður að skoða á þeim tímapunkti þegar ógildingarmál er höfðað. Stefndi telur því að skilyrðið sem kveðið er á um í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar muni einnig vera uppfyllt í tilvikum þar sem mögulegt er að vefengja löggerning samkvæmt lögum EES-ríkisins sem hann fellur undir, þótt frestur til höfðunar slíks máls sé útrunninn. Slík túlkun sé í samræmi við réttarvissu og markmið ákvæðisins um að vernda réttmætar væntingar gagnaðila lánastofnunar.

58 Stefndi telur að almennar sönnunarkröfur samkvæmt lögum EES-heimaaðildarríkisins eigi við. Þar af leiðandi verði að teljast nægilegt að færa sönnur á að ekki séu líkur fyrir því að unnt væri að rifta löggerningnum sem um ræðir samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi EES-ríkis.

59 Ríkisstjórn Belgíu heldur því fram að orðalagið „engin úrræði“ gefi til kynna að ómöguleiki vefengingar samkvæmt lögum sem gilda um hinn skaðlega löggerning lúti bæði að reglum gjaldþrotaréttar sem og öðrum réttarreglum aðildarríkis sem gilda um slíka ráðstöfun. Að hennar mati felur orðalagið „gerningurinn sem um ræðir“ í sér að meta verði möguleikann á að vefengja skaðlegan löggerning í hverju tilviki fyrir sig, að teknu tilliti til allra atriða sem hann varða. Það nægi þess vegna ekki að slá því föstu, með almennum hætti, hvort unnt sé að vefengja löggerninginn.

60 Ríkisstjórn Liechtenstein heldur því fram að 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar einskorði ekki ógildi, ógildanleika eða skort á réttarvernd við reglur sem varða gjaldþrotaskipti almennt, eða sérreglur um slitameðferð. Orðalagið „engin úrræði“ takmarkast að hennar mati heldur ekki við efnisreglur. Góðar ástæður

liggi þar að baki. Vel megi vera að málsmeðferðarregla ensks réttar teljist efnisregla á Íslandi, og öfugt.

61 Sönnunarbyrðin sem hvílir á þeim sem nýtur hags af gerningnum verður, að mati ríkisstjórnar Liechtenstein, ekki rýmkuð með þeim hætti að hún nái til erlendra laga sem eiga við um ráðstöfunina, í heild sinni, heldur takmarkast hún við þau ákvæði laganna sem svara til þeirra sem annars ættu við samkvæmt lögum heimaaðildarríkisins. Sá sem nýtur góðs af gerningnum getur því komið í veg fyrir beitingu erlendra lagaákvæða með því að sýna fram á að engin samsvarandi ákvæði sé að finna í lögum þess ríkis sem annars ættu við um ráðstöfunina, sem myndu með sama hætti leiða til ógildis, ógildanleika eða skorts á réttarvernd á svipuðum forsendum. Ef sá sem nýtur góðs af gerningnum þyrfti að sanna að lögin sem gilda um umræddan löggerning geri ekki ráð fyrir þeim möguleika að hægt sé að bera brigður á hann undir nokkrum kringumstæðum, myndi slík sönnunarfærsla mistakast í öllum tilvikum og því grafa undan beitingu 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar.

62 Ríkisstjórn Liechtenstein telur enn fremur að í tilvikum þar sem lög þess aðildarríkis sem við eiga um löggerninginn hafa að geyma reglur sem heimila að hann sé vefengdur, almennt séð, en skilyrði fyrir slíkri vefengingu eru óuppfyllt varðandi gerninginn í því máli sem um ræðir, geti þessi erlendu lög heldur ekki talist bjóða upp á „úrræði til að vefengja gerninginn sem um ræðir“.

63 Það sé því þess sem nýtur góðs af gerningnum – stefnda í þessu máli – að sanna, með hliðsjón af atvikum málsins, að riftun löggerningsins sem stefnandi vefengir sé óheimil samkvæmt enskum lögum. Um þetta atriði skipti ekki máli hvort riftun sé ófær samkvæmt enskum lögum vegna efnis- eða málsmeðferðarreglna.

64 Varðandi sönnunarkröfurnar, þar með talið hvort og að hvaða marki taka beri tillit til sönnunar um hvaða lög skuli gilda um löggerninginn, telur ríkisstjórn Liechtenstein það fara eftir löggjöf heimaaðildarríkisins.

65 ESA telur að í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar sé ekki gerður greinarmunur á efnisreglum og málsmeðferðarreglum þeirra laga sem eiga við um löggerninginn. Innan lagakerfis Íslands, Noregs og Liechtenstein, sem og margra annarra EES-ríkja, er riftunarkrafa eða, almennt séð, ógildingarkrafa vegna löggernings sem talinn er öllum lánardrottnum skaðlegur, háð ákveðnum skilyrðum varðandi efni og málsmeðferð, þar á meðal reglum um málshöfðunarfresti og lengd riftunarfrests. Að mati stofnunarinnar verður hvorki litið framhjá þessum skilyrðum, né reglum um málshöfðunarfresti og riftunarfrest, þegar vísað er til laga annars ríkis á grundvelli 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar.

66 ESA telur því orðalagið „engin úrræði“ gefa til kynna að ómöguleiki þess að bornar séu brigður á skaðlegan löggerning, samkvæmt þeim lögum sem eiga við um hann, taki hvort tveggja til efnisreglna og málsmeðferðarreglna og einnig jafnt til reglna gjaldþrotaskiptaréttar sem og reglna samningaréttar.

67 ESA telur enn fremur að orðalagið „gerningurinn sem um ræðir“ gefi til kynna að skilyrðið verði að meta í hverju tilviki fyrir sig. Því verði að taka sérstaklega mið af efni löggerningsins sem vefengdur er þegar meta skal hvort lögin sem um hann gilda heimili vefengingu hans. Undanþágan frá meginreglunni, sem sett er fram í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar, verði ekki skýrð með þeim hætti að hún rýmki riftunarástæður þeirra laga sem eiga við um löggerninginn. Ef engin úrræði eru til að vefengja hann á grundvelli þeirra laga sem eiga við um hann, eða slík úrræði bjóðast ekki lengur, hvort sem það ræðst af efnislegum skilyrðum eða skilyrðum sem lúta að málsmeðferð, verður að telja að riftun samkvæmt löggjöf heimaaðildarríkisins sé útilokuð.

68 Hvað sönnunarkröfurnar varðar, bendir ESA á að samkvæmt alþjóðlegum einkamálarétti verði að sanna tilvist erlendrar réttarreglu með sama hætti og málsatvik. Sönnunarkrafan samkvæmt 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar sé því sú sama og varðandi sönnun á atvikum málsins samkvæmt einkamálaréttarfari heimaaðildarríkisins.

69 Að mati framkvæmdastjórnarinnar verður sá sem nýtur hagsbóta af gerningnum að sýna fram á að ekki sé unnt að sækja mál fyrir dómstólum annarra aðildarríkja en heimaaðildarríkisins varðandi það hvort gerningurinn sem um ræðir sé ógildur, ógildanlegur eða að hann skorti réttarvernd.

70 Framkvæmdastjórnin telur orðalagið „engin úrræði“ gefa til kynna að ógildi, ógildanleiki eða skortur á réttarvernd löggernings takmarkist ekki við þær reglur sem beinlínis eigi við um gjaldþrotaskipti heldur vísi það til allra ákvæða landsréttar sem eiga við um ráðstöfun sem getur orðið grundvöllur ógildis, eða ógildingar löggernings eða það að hann glati að öðru leyti réttarvernd sinni. Með orðalaginu sé ekki gerður skýr greinarmunur á reglum eftir því hvort þær varða efni eða málsmeðferð.

71 Að mati framkvæmdastjórnarinnar felst í orðalaginu „gerninginn sem um ræðir“ krafa um að metið sé sérstaklega hverju sinni hvaða úrræði eru til staðar til að vefengja löggerning. Það þýði þó ekki að skilyrðið um að úrræði skorti til að vefengja gerninginn sé uppfyllt í þeim tilvikum þar sem slíkt úrræði var fyrir hendi, en er síðan ótækt, til dæmis vegna þess að málshöfðunarfrestur er liðinn. Sú túlkun tryggi að alltaf sé skýrt hvaða lög eigi við um löggerning, og vanræksla af hálfu aðilans sem vill láta reyna á réttmæti hans, en lætur undir höfuð leggjast að höfða mál í tæka tíð, hafi ekki áhrif á slíkan skýrleika eða dragi úr honum.

72 Varðandi sönnunarkröfurnar, telur framkvæmdastjórnin að þær eigi að ráðast af lögum heimaaðildarríkisins.

Álit dómstólsins

73 Samanlögð áhrif fyrsta og annars undirliðar 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar geta komið í veg fyrir beitingu löggjafar heimaaðildarríkisins varðandi ógildi, ógildanleika og skort á réttarvernd löggerninga sem eru skaðlegir öllum lánardrottnum. Sú krafa er gerð samkvæmt öðrum undirlið að sá sem hefur hag af slíkum gerningi leggi fram sannanir um að lög þess EES-aðildarríkis sem eiga við um gerninginn bjóði engin úrræði til að vefengja hann. Sem undantekningu frá meginreglunni um að endurskipulagning og slitameðferð lúti lögum heimaaðildarríkisins verður að skýra ákvæði 1. mgr. 30. gr. þröngt (sjá til samanburðar mál C-85/12 *LBI*, dómur frá 24. október 2013, birtur með rafrænum hætti, 52. mgr.).

74 Orðalagið „reglur er varða það hvort löggerningar [...] séu ógildir, ógildanlegir eða skorti réttarvernd“ sem og orðalagið „engin úrræði til að véfengja“ er víðtækt. Hvorugt takmarkar á hvaða grundvelli unnt er að vefengja gerning. Ef gerningurinn telst skaðlegur öllum lánardrottnum, ræður ekki úrslitum hvort úrræði til að vefengja hann fari eftir reglum gjaldþrotaréttar. Enn fremur er ekkert sem bendir til þess að einungis efnisreglur hafi þýðingu að þessu leyti. Þannig getur regla sem telst efnisregla í einni lögsögu talist til málsmeðferðarreglna í annarri lögsögu. Af því leiðir að reglur um málshöfðunarfresti geta einnig skipt máli.

75 Enn fremur felur notkun orðalagsins „í viðkomandi máli“ í sér að leggja verður sérstakt mat á þann gerning sem um ræðir hverju sinni. Þar af leiðandi er ekki nauðsynlegt fyrir þann sem hefur hag af gerningnum að sanna að hann sé óvefengjanlegur sem slíkur. Jafnvel þó að vefengja mætti löggerninginn almennt samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem við eiga er nægilegt að sýnt sé fram á að skilyrðin fyrir slíkri vefengingu séu ekki uppfyllt í málinu sem rekið er fyrir landsdómstólnum.

76 Framkvæmdastjórnin hefur haldið því fram að skilyrðið um að löggerningur verði ekki vefengdur samkvæmt þeim lögum sem eiga við skuli ekki teljast uppfyllt ef, til dæmis, unnt hefði verið að vefengja gerninginn, en frestur til slíkrar málshöfðunar er liðinn.

77 Ýmiss rök hníga gegn slíkri túlkun og orðalagið „í viðkomandi máli“ rennir ekki stoðum undir hana. Það er jafnframt markmið 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar að vernda þá sem hafa stofnað til viðskipta við lánastofnun fyrir því að þau verði vefengd samkvæmt lögum heimaaðildarríkisins, þegar slíkt er ófært samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem við eiga. Samkvæmt því mega úrræðin til að vefengja gerninginn ekki vera rýmri samkvæmt lögum heimaaðildarríkisins en þau úrræði sem í boði væru samkvæmt lögum þess EES-ríkis sem eiga við um gerninginn. Markmiði 1. mgr. 30. gr. verður því betur náð ef skilyrðið um að engin úrræði séu til að vefengja gerninginn telst einnig uppfyllt í þeim tilvikum þar sem ekki er lengur hægt að vefengja gerninginn samkvæmt þeim lögum sem eiga við um hann, til dæmis vegna þess að málshöfðunarfrestur er liðinn.

78 Loks ber að geta þess að því er snertir sönnunarkröfur, að það er meginregla samkvæmt 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar að lög heimaaðildarríkisins gilda um slitameðferðina. Telja verður að það feli í sér að sönnunarkröfur fari eftir lögum heimaaðildarríkisins. Í lögsögu sumra ríkja er farið með efnislegt innihald erlendra lagareglna, þar sem þær eiga við, líkt og um málsatvik væri að ræða, en í öðrum er farið með þær sem aðrar lagareglur. Þar af leiðandi verður mat á því, hvort sá sem hag hefur af löggerningnum hafi fært sönnur á að þau lög sem eiga við um hann bjóði engin úrræði til að vefengja hann, að fara fram samkvæmt reglum heimaaðildarríkisins um hvernig slá megi föstu efni erlendrar lagareglu.

79 Því ber að svara annarri og þriðju spurningu með þeim hætti, að samkvæmt öðrum undirlið 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar verður sá sem hefur hag af löggerningi sem telst skaðlegur öllum lánardrottnum, að sanna að engin úrræði séu tiltæk, eða að engin úrræði séu lengur tiltæk, til að vefengja viðkomandi gerning, hvort sem því valda efnislegar ástæður eða ástæður sem lúta að málsmeðferð.

80 Sérstakt mat á viðkomandi löggerningi verður að fara fram hverju sinni. Þótt almennt séð væri unnt að vefengja gerninginn samkvæmt lögum þess EES-ríkis sem eiga við um hann, myndi þeim sem hag hefur af honum nægja að sýna fram á að skilyrði fyrir slíkri vefengingu séu ekki uppfyllt í þessu tiltekna máli.

81 Meta verður samkvæmt reglum heimaaðildarríkisins hvort þeim sem hefur hag af löggerningnum hafi tekist að sanna að lögin sem eiga við um gerninginn veiti engin úrræði til að vefengja hann.

IV Málskostnaður

82 Ríkisstjórnir Belgíu og Liechtenstein, ESA og framkvæmdastjórnin, sem skilað hafa greinargerðum til EFTA-dómstólsins skulu hver bera sinn málskostnað. Þar sem um er að ræða mál sem er hluti af málarekstri fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur kemur það í hlut þess dómstóls að kveða á um kostnað málsaðila.

Með vísan til framangreindra forsenda lætur,

DÓMSTÓLLINN

uppi svohljóðandi ráðgefandi álit um spurningar þær sem Héraðsdómur Reykjavíkur beindi til dómstólsins:

1. **Orðalagið „ógildi, ógildanleiki eða skortur á réttarvernd“ í 1. mgr. 30. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana vísar einnig til riftunar samkvæmt gjaldþrotarétti á grundvelli reglna um undanskot eigna frá gjaldþrotaskiptum eins og þeirra sem er að finna í XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.**

2. **Samkvæmt öðrum undirlið 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/24/EB verður sá sem hefur hag af löggerningi sem telst skaðlegur öllum lánardrottnum, að sanna að engin úrræði séu tiltæk, eða að engin úrræði séu lengur tiltæk, til að vefengja viðkomandi gerning, hvort sem því valda efnislegar ástæður eða ástæður sem lúta að málsmeðferð.**

   Sérstakt mat á viðkomandi löggerningi verður að fara fram hverju sinni. Þótt almennt séð væri unnt að vefengja gerninginn samkvæmt lögum þess EES-ríkis sem eiga við um hann, myndi þeim sem hag hefur af honum nægja að sýna fram á að skilyrði fyrir slíkri vefengingu séu ekki uppfyllt í þessu tiltekna máli.

   Meta verður samkvæmt reglum heimaaðildarríkisins hvort þeim sem hefur hag af löggerningnum hafi tekist að sanna að lögin sem eiga við um gerninginn veiti engin úrræði til að vefengja hann.

Carl Baudenbacher Per Christiansen Páll Hreinsson

Kveðið upp í heyranda hljóði í Lúxemborg 17. október 2014.

Gunnar Selvik
Dómritari

Carl Baudenbacher
Forseti